

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur samþykkt, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12. 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin eldri gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps nr. 6. 5. janúar 1961.

*Atvinnuáráðuneytið, 22. marz 1966.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

### um búfjárhald í Kópavogi.

#### 1. gr.

Svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt er óheimil í Kópavogi, nema með sérstöku leyfi bæjarráðs.

#### 2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr., skal senda umsókn um það til bæjarráðs. Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfi fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta.

#### 3. gr.

Nú telur bæjarráð, að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi, og skal þá veita leyfið; má veita það annað hvort til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

#### 4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, skal lög-reglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörzlu hans, og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því.

Sama gildir, ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

#### 5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 5000.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kaup-túnum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. marz 1966.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*